



Ályktun

Aðalfundur Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands, haldinn að Hótel Sögu 10. desember 1994, beinir þeim eindregnu tilmælum til KSÍ að sambandið láti kanna hversu mörg ársverk eru unnin innan knattspyrnuhreyfingarinnar hér á landi, þ.m.t. ársverk í knattspyrnuþjálfun. Markmið slíkrar könnunar skal vera að meta hversu mörg störf knattspyrnuhreyfingin og knattspyrnuþjálfarar leggja til uppeldisstarfs íslenskrar æsku. Þá skal það og vera markmið könnunarinnar að auka skilning ráðamanna þjóðarinnar og almennings í landinu á umfangi og uppeldislegu gildi þessa starfs og sýna fram á hversu stóran skerf knattspyrnuþjálfarar leggja fram í þágu íþróttar og uppeldisstarfs hér á landi.